



Esja Gæðafæði hefur í samráði við Matvælastofnun, ákveðið að taka úr sölu og innkalla Esju Gæðafæði Steiktar Fiskibollur, öll lotunúmer.

Í tilkynningu frá Esju segir að ástæða innköllunarinnar sé sú að ofnæmisvaldurinn eggjahvítuduft séu ekki merktir á umbúðum. Með öryggi neytenda í forgangi hafi því verið ákveðið að innkalla allar lotur.

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir eggjahvítum eru beðnir um að neyta vörunnar ekki en tekið skal fram að varan er skaðlaus þeim sem ekki hafa ofnæmi fyrir umræddum ofnæmisvaldi.

Neytendum sem keypt hafa vöruna er bent á að þeir geta skilað vörunni þar sem hún var keypt. Esja Gæðafæði biður neytendur velvirðingar á þeim óþægindum sem af þessu getur skapast.